

II. *Kenningarnöfn.*

	Kenningarnafnstaki:	Kenningarnafnið:
	Börn Einars skálds Benediktssonar, Hjeðinshöfða, Reykjavík:	
1.	Einar Valur . . . . .	Valur.
2.	Margrjet Svala . . . . .	Svala
3.	Benedikt Örn . . . . .	Örn.
4.	Ragnheiður Erla . . . . .	Erla.
5.	Stefán Már . . . . .	Már.
6.	Katrín Hrefna . . . . .	Hrefna.

## Firmnatilkynningar.

Samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóvember 1903, um verslanaskrár, firmu og prókúrumboð, hafa eftirgreindar tilkynningar verið auglýstar 1916:

I. *Reykjavík.*

- Stjórn Fiskifjelags Íslands, er hefir aðsetur sitt í Reykjavík, tilkynnir til firmnaskrárinnar í Reykjavík, að fjelag þetta hafi þann tilgang að styðja og efla alt það, er verða má til framfara og umbóta í fiskiveiðum Íslendinga á sjó, ám og vötnum, svo þær megi verða sem arðsamastar þeim, er atvinnu hafa af þeim og landinu í heild sinni, og rekur einnig verslun í því skyni. Í stjórn fjelagsins eru fimm menn: Hannes Hafliðason skipstjóri, formaður, Bjarni Sæmundsson kennari og fiskifræðingur, Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, Geir Sigurdsson skipstjóri og Edilon Grimsson skipstjóri. Skuldir fjelagsins ábyrgist stjórnin, að svo miklu leyti sem eignir fjelagsins hrökkva til. Formaður ritar firmað einn og ritar hann þannig:

pr. Fiskifjelag Íslands

Hannes Hafliðason.

Reykjavík, 24. jan. 1916.

Stjórn Fiskifjelags Íslands.

Tr. Gunnarsson. Hannes Hafliðason. Bjarni Sæmundsson.

Edilon Grimsson. Geir Sigurdsson.

2. Jeg undirritaður Árni Eiríksson kaupmaður í Reykjavík tilkynni hjermeð til **168**  
til verslunarskrárinnar, að jeg hefi veitt herra verslunarmanni Páli Jónssyni  
prókúruumboð fyrir verslun mína í Reykjavík.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p p. Árni Eiríksson.

Páll Jónsson.

Reykjavík, þann 7. febrúar 1916.

Árni Eiríksson.

3. Það tilkynnist hjermeð, að firmað »Blöndahl & Sivertsen« er hætt að starfa.

Reykjavík, 1. febrúar 1916.

Jón Sivertsen. Magnús Blöndahl.

4. Hlutafjelagið »Pípuverksmiðjan« rekur iðnað og verslun í Reykjavík. Lög  
fjelagsins eru dagsett 1. október 1915. Hlutafjed er 21000 krónur, sem skift-  
ist í 42 hluti, og er hver hlutur 500 krónur. Hlutabryjefin hljóða á nafn  
handhafa, og hlutafjed er að fullu innborgað. Auglýsingar til fjelagsmanna  
þarf ekki að birta í almennum frjettablöðum. Í stjórn fjelagsins eru: Jón  
Þorláksson verkfræðingur, Böðvar Jónsson, Hverfisgötu 84, og Þorleifur  
Andrjesson, Barónsstíg 14.

Stjórnin öll ritar firmað þannig:

pr. »Pípuverksmiðjan«

Jón Þorláksson. Þorl. Andrjesson.

Böðvar Jónsson.

- 5 Hlutafjelagið Geir Thorsteinsson & Co. í Reykjavík rekur fiskiveiðaatvinnu  
Lög fjelagsins eru samþykkt 14. nóvbr. 1915. Hlutafjed er 125 þúsund krónur,  
er skiftist í eitt hundrað tuttugu og fimm þúsund króna hluti, hljóðandi á  
nafn, og er að fullu innborgað. Auglýsingar til fjelagsmanna sjer fjelags-  
stjórnin um að birtar verði, þær skal eigi birta í blöðunum. Í stjórn fjelags-  
ins er kaupmennirnir Th. Thorsteinsson og Geir Thorsteinsson og prent-  
smiðjueigandi Halldór Þórðarson, a lir í Reykjavík. Formaður hefir sem  
prókúruhafi fjelagsins heimild til að rita firmað, að öðru leyti meiri hluti.  
stjórnarinnar.

Prókúruhafinn ritar þannig:

p p. Geir Thorsteinsson & Co. h/f.

Geir Thorsteinsson.

Reykjavík, 13. febrúar 1916.

pr. Geir Thorsteinsson & Co. h/f.

Geir Thorsteinsson, Th. Thorsteinsson. Halldór Þórðarson.

- 168 6. Hjermeð tilkynnist til firmnaskrárinnar að jeg rek hjer í bænum prentsmiðju, bókaforlag, blaðaútgáfu, bókband og tilh., með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu

Ísafold.

Ólafur Björnsson.

7. Hlutfjelagið »Bræðingur« rekur atvinnu með framleiðslu lýsis, öflun sildar og annara fiskifanga. Lögheimili fjelagsins er á Þormódsstöðum í Seltjarnarneshreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, en skrifstofa og aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Í stjórn fjelagsins eru: Pjetur J. Thorsteinsson kaupmaður, formaður og framkvæmdarstjóri, Magnús Magnússon kennari, varaformaður og meðstjórnandi og Jón Ólafsson skipstjóri; til vara Jón Sigurðsson skipstjóri, allir til heimilis hjer í bænum. Undirskrift formanns og annars meðstjórnandans er nægileg til að skuldbinda fjelagið. Framkvæmdarstjórinn Pjetur J. Thorsteinsson hefir prókúru. Hlutfjeð er 112000 krónur, er skiftist í 112 hluti á 1000 krónur hvern, er hljóða á nafn, og er hlutfjeð að fullu innborgað. Til fjelagsfunda skal boða með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu. Lög fjelagsins eru samþykkt 9. nóv. 1915.

Prókúruhafinn ritir firmað þannig:

pr. pr. h/f. Bræðingur

P. J. Thorsteinsson.

Formaður Pjetur J. Thorsteinsson og Jón Ólafsson rita firmað þannig:

pr. hlutfjelagið Bræðingur

Jón Ólafsson. P. J. Thorsteinsson.

Reykjavík, 7. mars 1916.

pr. hlutfjelagið Bræðingur -

P. J. Thorsteinsson. Jón Ólafsson.

8. Stjórn hlutfjelagsins »Fiskiveiðafjelagsins Neptún« í Reykjavík tilkynnir, að það reki fiskiveiðaatvinnu og hafi lögheimili í Reykjavík. Dagsetning samþykta er 27. nóvbr. 1915. Stjórn fjelagsins er skipuð Jörgen J. Hansen, sem er formaður, og Lárusi Fjeldsted lögfræðing, sem meðstjórnanda, er báðir í sameiningu rita firmað.

Hlutabryjefn hljóða á nafn og er upphæð hlutfjárnsins 20000,00 krónur er skiftast í 8 hluti, er hver er að upphæð 2500 krónur og er að fullu innborgað.

Tilkynningar til fjelagsmanna verða gerðar í ábyrgðarbrjefi.

Stjórnin ritir firmað þannig:

Pr. h/f. Fiskiveiðafjelagið Neptún

Jörgen J. Hansen. Lárus Fjeldsted.

9. Ekkjan Vilborg Guðnadóttir, Skólvröðustíg 5, tilkynnir að hún reki verslun í Reykjavík undir firmanafninu »Gamla búðin« með ótakmarkaðri ábyrgð. **168**

Hún ritar firmað þannig:

Gamla Búðin  
Vilborg Guðnadóttir.  
Reykjavík, 2. maí 1916.

10. Undirritað hlutafjelag leyfir sjer hjer með að tilkynna til firmnaskrár í Reykjavíkur, að hlutafje fjelagsins hefir verið aukið um 4000 kr. eða úr 10000 kr. í 14000 kr., og var það samþykkt á fundi fjelagsins 28. jan. þ. á.

Ennfremur tilkynnist að H. S. Bjarnarson konsúll, hefir látið af formannsstörfum fyrir fjelagið og er hættur að rita firmað. Tómas Jónsson kaupmaður í Reykjavík, er kosinn formaður fjelagsins, og getur hans hann skuldbundið fjelagið ásamt framkvæmdarstjóra þess, þannig að þeir rita báðir firmað í fjelagi og rita það þannig:

»Niðursuðu- og þjátursverksmiðjan Ísland í Reykjavík«.

Tómas Jónsson. P. M. Bjarnarson.

11. Ungfrú Thora Friðriksson og frú Christine Sigurðsson, Tjarnargötu 11, báðar hjer í bænum, tilkynna, að þær í fjelagi og með ótakmarkaðri ábyrgð, reki verslun hjer í bænum með firmanafninu:

Thora Friðriksson & Co.

Þær rita báðar firmað og rita þannig:

Thora Friðriksson ritar:

Thora Friðriksson & Co.

Christine Sigurðsson ritar:

Thora Friðriksson & Co.

Reykjavík, 13. maí 1916.

Thora Friðriksson. Christine Sigurðsson.

12. Við Þorsteinn Jónsson kaupmaður, Seyðisfirði, og Helgi Zoëga kaupmaður, Reykjavík, tilkynnum að við í sameiningu rekum lifrarkaup, lýsisbræðslu og lýsissölu í Reykjavík undir firmanafninu:

Iceland Oil

Þorst. Jónsson og Helgi Zoëga.

Við leggjum að jöfnu fje til atvinnurekstursins eftir því sem þörf krefur. Við ritum firmað hvor um sig þannig:

Þorsteinn Jónsson ritar:

Iceland Oil

Þorst. Jónsson & Helgi Zoëga.

Helgi Zoëga ritar:

Iceland Oil

Þorst. Jónsson & Helgi Zoëga.

- 168** 13. Frú Kristín Meinholt, Þingholtsstræti 26, rekur verslun í Reykjavík undir firmanafni »verslunin Goðafoss, Kristín Meinholt«.

Prókúru hefir Axel Meinholt, og ritar hann firmað þannig:

p. p. »verslunin Goðafoss, Kristín Meinholt«

Axel Meinholt.

Kristín Meinholt ritar:

Verslunin Goðafoss Kristín Meinholt.

14. Metúsalem Jóhannsson og Sigtryggur Jóhannesson í Reykjavík tilkynna, að fiskiveiðahlutafjelagið »Gissur hvíti« í Reykjavík reki fiskiveiðar og vöruflutninga hjer við land og við nágrannalöndin. Lög fjelagsins eru dagsett 13. júlí 1916. Í stjórn fjelagsins eru: Metúsalem Jóhannsson, sem er formaður, og meðstjórnandi Sigtryggur Jóhannesson, en varastjórnandi er Gísli J. Ólafsson, allir í Reykjavík. Heimild til að rita firmað hefir formaður, að því er venjulegan rekstur snertir, en að öðru leyti þarf undirskriftir bæði formanns og meðstjórnandans. Hlutafjeð er 45 þús. kr., sem skiftist í hluti að upphæð 1000 kr. hver. Hlutabryfjefin hljóða á nafn. Hlutafjeð skal greiða, þegar stjórnin krefst þess. Birtingar til fjelagsmanna þarf eigi að setja í opinber blöð.

Reykjavík, 17. júlí 1916.

M. Jóhannsson.

S. Jóhannesson.

15. Við undirritaðir, eg Elías Stefánsson, framkvæmdastjóri, og eg Kristján Bergsson, skipstjóri, báðir í Reykjavík, rekum skipaútgerðaratvinnu hjer í bænum, í fjelagi, með ótakmarkaðri ábyrgð, þannig, að eg Elías Stefánsson legg fram tvo þriðju hluta rekstursfjárins og ábyrgist skuldir að tveim þriðju hlutum, og eg, Kristján Bergsson, legg fram einn þriðja hluta reksturfjárins og ábyrgist einn þriðja part skuldanna.

Firmanafn fjelags okkar er:

Kristján Bergsson & Co.

Elías Stefánsson ritar einn firmað og ritar það þannig:

Kristján Bergsson & Co.

Elías Stefánsson.

Reykjavík, 14. júlí 1916.

Elías Stefánsson.

Kr. Bergsson.

16. Hjermeð tilkynnist að búið er að leysa upp fiskiveiðahlutafjelagið »Fram« í Reykjavík, og er það því hætt að starfa.

Reykjavík, 12. júlí 1916.

Í stjórn fjelagsins:

Árni Geir Þóroddsson.

Páll H. Gíslason.

Gísli Pjetursson.

Ásm. Árnason.

Elías Stefánsson.

17. Það tilkynnist, að Jörundur Brynjólfsson hefir gengið úr firmanu: »Bókabúðin« frá 1. febrúar þ. á. að telja, en Guðm. Davíðsson heldur atvinnunni áfram, undir sama firma. **168**

Guðm. Davíðsson.

Jörundur Brynjólfsson.

18. Við undirritaðir Capt. Carl Trolle í Reykjavík og Capt. Rudolph Rothe í Kaupmannahöfn tilkynnum hjermeð, að við rekum atvinnu með ótakmarkaðri ábyrgð, sem umboðsmenn ýmsra erlendra vátryggingarfjelaga með skrifstofu í Reykjavík, undir firmanafninu:

Trolle & Rothe.

Prókúru hefir Carl Finsen.

Capt. Carl Trolle ritar firmað þannig:

Trolle & Rothe.

Capt. Rudolph Rothe ritar firmað þannig:

Trolle & Rothe.

Carl Finsen ritar firmað þannig:

p. pr. Trolle & Rothe.

Samkvæmt umboði

Carl Finsen.

Reykjavík, 14. júlí 1916.

Rudolph Rothe.

Carl Trolle.

19. Í fjarveru herra Lúðvígs Lárussonar hefir heirra Óskar Lásusson prókúru-umboð fyrir firmað Lárus G. Lúðvígsson, og ritar hann firmað þannig:

p. p. Lárus G. Lúðvígsson

Óskar Lárusson.

Reykjavík, 30. ágúst 1916.

20. Eg undirritaður kaupmaður Helgi Zoëga í Reykjavík gef hjermeð syni mínum Geir Zoëga umboð sem prókúrista fyrir verslun mína hjer í bænum, og hefir hann rjettindi þau, er l. nr. 42, 13. nóv. 1903 ákveða.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Helgi Zoëga

Geir Zoëga.

Reykjavík, 29. ágúst 1916.

Helgi Zoëga.

- 168 21. Guðmundur J. Breiðfjörð blikksmiður, Jón Sigmundsson gullsmiður, Oddur Jónsson hafnsögumaður og Ingimundur Ögmundsson sjómaður, allir í Reykjavík nema Oddur Jónsson, sem á heima í Ráðagerði á Seltjarnarnesi, tilkynna hjermeð, að þeir reki í fjelagi fiskiveiðar frá Reykjavík með mótorbát eða mótorbátum með firmanafninu »Breiðfjörð & Co.«, allir með ótakmarkaðri ábyrgð. Rjett til að rita firmað hafa Guðmundur J. Breiðfjörð og Ingimundur Ögmundsson hvor um sig.

Þeir rita firmað þannig, að þeir rita firmánafnið og svo nafn sitt undir.

Guðmundur J. Breiðfjörð ritar:

»Breiðfjörð & Co.«

Guðm. J. Breiðfjörð.

Ingimundur Ögmundsson ritar þannig:

»Breiðfjörð & Co.«

Ingim Ögmundsson.

22. Hjermeð tilkynnist til firmnaskrár Reykjavíkur, að eg undirritaður er genginn úr firmanu »Verslunin Nýhöfn«, og að frú Martha Strand er orðin einkaeigandi firmans með fullri ábyrgð.

Reykjavík, 1. september 1916.

Guðm. Kr. Guðmundsson.

Martha Strand.

Hjermeð til firmnaskrárinnar í Reykjavík, að eg hefi gefið herra Emil Strand prókúruumboð fyrir firma mitt »Verslunin Nýhöfn«, og ritar hann firmað þannig:

p. p. »Verslunin Nýhöfn«

Emil Strand.

Reykjavík, 1. september 1916.

Martha Strand.

23. Hjermeð leyfi eg mjer að tilkynna, að sú breyting hefir orðið á stjórn Sláturfjelags Suðurlands á þessu ári, að úr fjelagsstjórninni hafa gengið Hjörtur

Snorrason, bóndi áður á Skeljabrekku og herra Páll Ólafsson, bóndi á Heiði, **168**  
 en í þeirra stað voru kosnir herra Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu í  
 Borgarfjarðarsýslu og herra Lárus Helgason, bóndi í Kirkjubæjarklaustri í  
 Skaftafellsýslu.

Í fjelagsstjórninni eru nú:

Ágúst Helgason, bóndi í Birtingaholti, formaður.

Björn Bjarnarson, hreppstjóri í Grafarholti, varaformaður.

Guðmundur Ólafsson, bóndi á Lundum.

Guðmundur Erlendsson, bóndi í Skipholti.

Guðjón Jónsson, bóndi í Ási.

Jónas Árnason, bóndi á Reynifelli.

Jón Hannesson, bóndi í Deildartungu.

Lárus Helgason, bóndi á Kirkjubæjarklaustri.

Hannes Thorarensen, framkvæmdarstjóri.

Í framkvæmdarstjórn eru:

Björn Bjarnarson, hreppstjóri í Grafarholti,

Vígfús Guðmundsson, bóndi í Engey og Hannes Thorarensen.

pr. pro. Sláturfjelag Suðurlands.

H. Thorarensen.

24. Hjermeð afturkallast prókúruumboð Halldórs Hallgrímssonar.

Reykjavík, 4. okt. 1916.

Ludvig Andersen.

25. Undir firmanafninu »Úlfur« rekur hlutafjelag með lögum dags. 23. maí 1916,  
 fiskiveiðar og fleiri atvinnutegundir, í Reykjavík. Stjórn: T. Fredriksen  
 kaupmaður, disponent og meðstjórnandi O. Bjærkevik kaupmaður. T. Fred-  
 riksen hefir einn rjett til að rita firmað. Hlutafjeð er 9000 krónur, er skift-  
 ast í 6 hluti, hvern að upphæð kr. 1500,00, sem hljóða á nafn og eru að  
 fullu innborgaðir. Tilkynningar til fjelagsmanna skulu gerðar á þann hátt,  
 er fjelagsstjórnin ákveður.

T. Fredriksen ritar firmað þannig:

H./F. »Úlfur«.

T. Fredriksen.

H./F. »Úlfur«.

T. Fredriksen.

O. Bjærkevik.

26. Undir firmanafninu h/f. Fiskiveiðafjelagið »Hákon Jarl« er rekin fiskiútgerð  
 og fiskiveiðar í Reykjavík af hlutafjelagi.



168

Lög fjelagsins eru dagsett 22. október 1916.

Í stjórn fjelagsins eru: Carl Proppé, kaupmaður, formaður, Olgeir Friðgeirsson, kaupmaður og konsúll, báðir hjer í bænum, og Þorsteinn Jónsson, kaupmaður frá Seyðisfirði, meðstjórnendur.

Varamenn í stjórninni eru: Þorsteinn Júl. Sveinsson, skipstjóri og Elías Lyngdal.

Formaður og annar meðstjórnandi rita firmað.

Prókúru hefir Carl Proppé.

Hlutfjöld er kr. 180,000,00, er skiftist í 72 hluti, hver að upphæð kr. 2500,00. Hlutabréfin hljóða á nafn og eru að fullu innborguð.

Tilkynningar til fjelagsmanna skulu gerðar í ábyrgðarbrjefi eða símskeyti.

Stjórnin ritar firmað þannig:

h/f. Fiskiveiðafjelagið »Hákon Jarl«.

C. Proppé. O. Friðgeirsson.

Prókúruhafinn ritar þannig:

p. p. h/f. Fiskiveiðafjelagið

»Hákon Jarl«.

C. Proppé.

Reykjavík, 25. oktbr. 1916.

C. Proppé. O. Friðgeirsson.

27. Friðrik Magnússon, verslunarmaður, Friðrik Gunnarsson, verslunarmaður og Sigurjón Pjetursson, kaupmaður, allir hjer í bænum, tilkynna til firmnaskrárinnar, að þeir í fjelagi reki umboðs- og heilðsöluverslun með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

Friðrik Magnússon & Co.

Lögheimili þess er í Reykjavík. Fjelaginu stjórnar framkvæmdarstjóri og hefir hann einn umboð til að rita firmað. Framkvæmdarstjóri er Friðrik K. Magnússon og ritar hann firmað þannig:

pr. Friðrik Magnússon & Co.

Fr. K. Magnússon.

28. Hermed giver jeg Hr. John Wetlesen Fuldmagt til at tegne som Prokurist for mig og at ordne alle Bankforretninger samt Veksel- og Hypothek-sager paa mine Vegne. Med 1. Dec. 1916, ophører Hr. Lor. H. Müller at være min Prokurist.

p. t. Hbg. 9. Nóv. 1916.

Rich. N. Braun.

29. Óscar Clausen kaupmaður í Stykkishólmi tilkynnir, að sú breyting sje orðin **168** á firmanu Clausensbræður, að Arreboe Clausen í Reykjavík sje nú orðinn meðeigandi firmans. Hann ritar firmað þannig:

Clausensbræður.

Arreboe Clausen.

p. t. Reykjavík, 11. desbr. 1916.

Oscar Clausen.

Arreboe Clausen.

30. Þórður Bjarnason, kaupmaður í Reykjavík og Kristján Linnet lögmaður í Reykjavík tilkynna stofnun skipaútgerðarhlutafjelags. Samþykktir eru dagsettar 2. júní 1916 og Þórður Bjarnason og Kr. Linnet rita firmað í fjelagi. Hluta-fjeð er 125000 krónur, skift í 1000, 5000 og 10000 króna hluti, — og er greitt að fullu. Hlutirnir hljóða á nafn. Birtingar til fjelagsmanna skulu settar í Lögbirtingablaðið. Nafn hlutafjelagsins er »Dansk Islandsk Dampskibsselskab« og heimili þess í Reykjavík.

Stjórnin ritar firmað þannig:

Dansk Islandsk Dampskibsselskab.

Kr. Linnet.

Þórður Bjarnason.

Reykjavík, 8. desbr. 1916.

Kr. Linnet.

Þórður Bjarnason.

31. Jeg undirritaður Einar Árnason, kaupmaður í Reykjavík, tilkynni hjermeð til verslunarskrárinna sama staðar, að jeg hefi veitt hr. verslunarmanni Árna Einarssyni prókúruumboð fyrir verslun mína í Reykjavík.

Prókúruhafinn ritar firmað þannig:

p. p. verslun Einars Árnasonar.

Árni Einarsson.

Reykjavík, 5. desbr. 1916.

Einar Árnason.

### *II Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.*

Hlutafjelagið »Íshúsfjelag Stykkishólms« rekur ishússtörf í Stykkishólmi. Lög fjelagsins eru dagsett 19. mars 1916. Hluta-fjeð er 5000 kr., skiftist í 25 kr., 50 kr. og 100 kr. hluti, og er greitt að fullu. Hluta-brjefin hljóða á nafn. Í stjórn fjelagsins eru: Hjálmar Sigurðsson, Ágúst Þórarinsson, Óscar Clausen, Ásmundur Guðmundsson og Jón Magnússon, allir í Stykkishólmi. Undirskrift

- 168** formanns stjórnárinna, Hjalmar Sigurðssonar, og 2 meðstjórnenda er skuldbindandi fyrir fjelagið. Tilkygningar til fjelagsmanna skulu birtar með auglýsingum innanbæjar.

### III. Barðastrandarsýsla.

Bræðurnir Ólafur Ó. Thorlacius í Saurbæ og Ari Ó. Thorlacius, s. st, og Eggert M. Bachmann á Vatneyri reka í fjelagi verslun og sjávarútveg á Patreksfirði í Barðastrandarsýslu með ótakmarkaðri ábyrgð undir firmanafninu:

Verslunin Bræðurnir Thorlacius & Co.

Allir fjelagsmenn hafa fulla heimild til að rita firmað.

Heimili þess og varnarþing er á Patreksfirði.

Ólafur Ó. Thorlacius ritar firmað þannig:

Verslunin Bræðurnir Thorlacius & Co.

Ólafur Ó. Thorlacius.

Ari Ó. Thorlacius ritar firmað þannig:

Verslunin Bræðurnir Thorlacius & Co.

A. Ó. Thorlacius.

Eggert M. Bachmann ritar firmað þannig:

Verslunin Bræðurnir Thorlacius & Co.

E. M. Bachmann.

### IV. Ísafjarðarsýsla.

1. Þóra J. Einarsson og Jóhanna Olgeirsson tilkynna, að firmað Þóra J. Einarsson & Co. sje hætt.
2. Húsfú Ingibjörg Halldórsdóttir í Hnífsdal og fröken Þóra J. Einarsson Ísafirði, reka verslun á Ísafirði. Rita firmað hvor um sig:
 

Nafnritun:

Ingibjörg Halldórsdóttir & Co.  
 Ingibjörg Halldórsdóttir.  
 Ingibjörg Halldórsdóttir & Co.  
 Þóra J. Einarsson.
3. Kjartan B. Guðmundsson í Fremri Hnífsdal og Jón Hálfánarson útvegsbóndi í Hnífsdal, reka verslun í Hnífsdal með firmanafninu: Kjartan & Jón.

## V. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri.

168

1. Sigv. Þorsteinsson, Jón. Þorsteinsson og Jón E. Sigurðsson tilkynna:  
Undir firma »Hlutfjelagið verslunin Alaska« er rekin verslun á Akureyri af hlutfjelagi. Lög fjelagsins eru dagsett 27. júlí 1914.  
Stjórnendur fjelagsins eru:  
Sigvaldi E. S. Þorsteinsson kaupmaður, Jóhannes G. V. Þorsteinsson kaupmaður og Jón E. Sigurðsson verslunarstjóri. Undirskrift tveggja stjórnenda þarf til þess að skuldbinda fjelagið.  
Hlutfjeld er 8000 krónur og er skift í 16 hluti á 500 krónur. Hlutfjeld er alt innborgað.  
Hlutabryefin eru ónafnskráð handhafabryef.  
Tilkynningar til hluthafa birtir sjórnin á þann hátt, er henni þykir best við eiga.  
Stjórnin ritar firmað þannig:  
«H/F. Verslunin Alaska»  
Sigv. Þorsteinsson. Jón. Þorsteinsson.  
eða  
Sigv. Þorsteinsson. Jón E. Sigurðsson.  
eða  
Jón. Þorsteinsson. Jón E. Sigurðsson.
  
2. Hið íslenska steinolíuhlutfjelag tilkynnir:  
Að fjelagið hættir að reka verslun eða atvinnu á Akureyri frá 1. september 1915.
  
3. Stjórn »De forenede Islandsforretninger« tilkynnir:  
Hlutfjelagið »De forenede Islandsforretninger« (»Hinar sameinuðu íslensku verslanir«) er myndað af verslunum Gránufjelagsins og af verslunum Thor E, Tulinius's, sem það heldur áfram, og rekur þannig verslun og fiskiveiðar á Oddeyri við Eyjafjörð, á Siglufirði, á Haganesvík, á Grafarósi, á Saudárkróki og á Austfjörðum, á Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Eskifirði, Seyðisfirði og Borgarfirði. Samþykktir fjelagsins eru dags. h. 18. septemberm. 1912. Heimili fjelagsins og aðalskrifstofa þess er í Kaupmannahöfn. — Í samþykktum fjelagsins er hlutfjeldhæðin talin kr. 430,000,00, en jafnframt er stjórn þess falið eða heimilað að hækka þessa upphæð upp í kr. 500,000,00, og samkvæmt þessari heimild er hlutfjeld nú kr. 500,000,00, alt innborgað. Upphæð hlutabryefanna, sem eru stíluð á nafn, er kr. 1000,00. Auglýsingar til hluthafa verða birtar í Berlinga-tíðindum, eða í handföldum bryefum til hluthafa. Í stjórn fjelagsins eru stórkaupmaður G. Holme, isl.

168

kaupm. Thor E. Tulinius og stórkaupmaður H. H. Sthyr, allir í Kaupmannahöfn. Auk stjórnarinnar eru þrír framkvæmdarstjórar, S. O. Larsen í Kaupmannahöfn og konsúlarnir Otto Tulinius á Akureyri og J. C. F. Arnesen á Eskifirði. Fjelagið rita tveir úr stjórninni í sameiningu, eða einn úr stjórninni og samkvæmt prókúru einn framkvæmdarstjóranna í sameiningu. Prókúru hefir nú S. O. Larsen.

A/S. De forenede Islandsforretninger.

Köbenhavn, d. 12. Maj. 1915.

F. Holme. Thor E. Tulinius. Hans. Sthyr.

Prokuristen vil tegne

pp. S. O. Larsen.

4. Stjórn »Kaupfjelags verkamanna Akureyrar« tilkynnir:

Verkamannafjelag Akureyrar stofnaði kaupfjelag með samábyrgð þann 5. desember 1915, er nefnir sig »Kaupfjelag verkamanna Akureyrar«. Formaður fjelagsins er búfr. Erlingur Friðjónsson, varaformaður Jón Bergsveinsson yfirsildarmatsmaður og meðstjórnendur Halldór Friðjónsson búfr., Jón Kristjánsson verkam. og Gísli R. Magnússon verslunarmaður, allir til heimilis á Akureyri.

Stjórnin ritar firma fjelagsins.

Formaður fer með prókúruumboð fjelagsins.

Akureyri, 19. janúar 1916.

Erlingur Friðjónsson. Jón E. Bergsveinsson. Halldór Friðjónsson.

Jón Kristjánsson. Gísli R. Magnússon.

5. Jón E. Sigurðsson rekur verslun á Siglufirði undir firmanafninu »Verslunin Aalesund«.

Hann einn ber ábyrgð og ritar firmanafnið þannig:

»Verslunin Aalesund Jón E. Sigurðsson«.

VI. *Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður.*

1. Lars J. Imsland og Thorvald C. Imsland tilkynna, að þeir haldi áfram með fullri ábyrgð atvinnurekstri föður þeirra sáluga, T. L. Imslands kaupmanns, verslun, sildar- og fiskiveiðum og lifrarbræðs u með firmanafninu: **Erfingjar** T. L. Imslands (T. L. Imslands-Arvinger).

Systir þeirra, Rakel Imsland, á 22000 krónur í firmanu, en ber að öðru leyti eigi ábyrgð á skuldbindingum þess. **168**

Bræðurnir rita firmað hvor um sig þannig:  
Erfingjar T. L. Imslands.

2. Á firmanu S. Arngrímsson, Thorsteinsson & Co., er sú breyting orðin, að Indriði rafmagnsfræðingur Helgason er genginn úr fjelaginu, en Böðvar skósmiður Jónsson hjer í bænum genginn í það með sömu rjettindum og skyldum og á Indriða hvíldu.

#### VII. Suður-Múlasýsla.

Jeg Konráð Hjálmarsson, kaupmaður á Norðfirði í Suður-Múlasýslu, gef hjer með tengdasyni mínum Páli Guttormssyni umboð sem prókúrista fyrir mig, og hefir hann öll rjettindi prókúrista samkvæmt lögum nr. 42, 13. nóv. 1903.

Firmað ritar hann þannig:

p. p. Konráð Hjálmarsson.

Páll Guttormsson.

Norðfirði, 24. nóvember 1915.

K. Hjálmarsson.

#### VIII. Gullbringu- og Kjósarsýsla og Hafnarfjarðarkaupstaður.

1. Þorsteinn Þorsteinsson, Elias Þorsteinsson og Ólafur Benedikt Bjarnason, allir til heimilis í Keflavík, tilkynna til firmnaskrárinnar, að þeir reki verslun í Keflavík með allskonar vörur undir firmanafninu Elias Þorsteinsson & Co., allir með ótakmarkaðri ábyrgð.

Rjett til að rita firmað hefir aðeins Þorsteinn Þorsteinsson, og ritar hann firmað þannig:

Elias Þorsteinsson & Co.

Þorsteinn Þorsteinsson.

2. Í Keflavík er myndað hlutafjelag undir firmanafninu »Báran nr. 6«. Lög fjelagsins eru samþykkt 1910. Fjelagið rekur verslun og sjávarútveg undir firmanafninu. Stjórnina skipa, Bjarni Ólafsson útvegsbóndi í Keflavík formaður, en meðstjórnendur eru, Einar Einarsson smiður og Hinrik Hinriksson smiður, báðir í Keflavík. Bjarni Ólafsson hefir einn rjett til að rita firmað. Stærð höfuðstóls er 7000 kr., er skiftist í 500 kr. hluti og hljóða upp á nafn. Hlutafjed er að fullu innborgað. Hlutafjed má auka.

Bjarni Ólafsson ritar firmað þannig:

pr. pr. »Báran nr. 6«.

Bjarni Ólafsson.